

Sveitarfélagið Árborg  
Bárður Guðmundsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
29. nóv. 2010 10.4.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. nóvember 2010  
Tilvísun: UST20100400006/jbw

## Endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 30. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030.

### Endurskoðun aðalskipulagsins, breytingar

Í gildi er aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2005–2025. Við endurskoðun aðalskipulagsins hefur verið farið yfir allar megin forsendur og skilgreiningu meginmarkmiða í hverjum málaflokki fyrir sig. Heildarsýn hefur ekki breyst og ekki er gerð stefnubreyting frá staðfestu aðalskipulagi, en áherslur hafa breyst varðandi nokkra flokka aðalskipulagsgerðarinnar, sem varða umhverfismatið. Þeir eru í grófum dráttum eftirfarandi:

- Umhverfi og náttúra (þemakort útivist), breytt staðsetning á nýjum kirkjugarði, í Mógili.
- Þróun byggðar (þemakort þéttleiki íbúðasvæða), áfram stækkun íbúðabyggðar til suðurs, minnkun búgarðabyggðar.
- Þróun atvinnusvæða (þemakort atvinnusvæði), stækkun núverandi svæða á sama stað.
- Þjónustustofnanir, samfélagsþjónusta s.s. fræðslu- og menningarmál, heilbrigðismál.
- Tilfærsla skólasvæða og fjölnota íþróttahúss (þemakort grunnskólar, leikskólar).
- Tækni og samgöngur (þemakort veitur, samgöngur), lítilsháttar breytt lega Suðurlands-vegar og undirgöng, flugvöllur festur í sessi.

### Umhverfismat

Umhverfisstofnun tekur undir það mat að endurskoðun aðalskipulags Árborgar falli undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Stofnunin telur umhverfismatið vel

unnið og ítarlegt og tekur undir mat á vægi áhrifa á valda umhverfisþætti í matsköflum. Stofnunin bendir þó á að meta mætti umhverfisáhrif landfyllingar í vík við Ölfusá.

### **Náttúruminjar**

Í endurskoðuðu aðalskipulagi kemur fram að verið sé að skoða tvo valmöguleika fyrir göngubrú yfir Ölfusá, annars vegar rétt norðan við núverandi brú og hins vegar yfir Jórúklett, og að ákvörðun um legu brúarinnar hafi ekki verið tekin. Umhverfisstofnun leggst gegn því að leiðin yfir Jórúklett verði valin vegna mun meiri áhrifa á umhverfið en ef syðri leiðin yrði valin, einkum vegna sjónrænna áhrifa og röskunar Jórúkledds (ósnortnu landi). Stofnunin lýsir þó áhyggjum sínum af því að gönguleið rétt norðan við núverandi Ölfusárbrú, eins og hún er teiknuð inn á aðalskipulagsuppdrátt, fer yfir svæði á náttúruminjaskrá nr. 748, sérkennilegir bollar í hrauni frá nútíma staðsettir á syðri bakka Ölfusár. Svæðið er við eystri sporð Ölfusárbrúar, rétt við brúarstöplana. Að mati Umhverfisstofnunar mætti meta þann kost að leggja göngubrúna sunnan við Ölfusárbrú þar sem ekki er að finna svæði á náttúruminjaskrá. Stofnunin bendir á að ef ákveðið verður að leggja nýja göngubrú á þessum stað er afar brýnt að hraunbollunum verði ekki raskað.

Samkvæmt endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar er nýtt svæði fyrir grunnskóla austast á Eyrarbakka og nýjar íbúðabyggðir við fjöruna vestast í á Eyrarbakka og Stokkseyri. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er staðsett mjög nálægt mörkum verndarsvæða á náttúruminjaskrá, það er nr. 777, Gamla-Hraun og nágrenni og nr. 750, fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka. Stofnunin bendir á að við framkvæmdir á þessum svæðum skuli þess vandlega gætt að ekki sé farið inn á vernduðu svæðin. Mjög mikilvægt er að svæði nr. 777 verði ekki raskað meira en orðið er, það er með umfangsmiklum golfvelli.

### **Búgarðabyggð í votlendi**

Í endurskoðuðu aðalskipulagi kemur fram að búgarðabyggð verði felld niður á eftirfarandi svæðum og þeim breytt í landbúnaðarsvæði:

- Sunnan Votmúlavegar, suður af Byggðahorni.
- Sunnan Votmúlavegar, við Geirakot og Eyði Sandvík.
- Norðan Votmúlavegar, við Smjördali og Nýjabæ.
- Norðan Eyrarbakka.
- Í Stokkseyrarmýri, norðan Holtsvegar.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi nógu skýrt fram í endurskoðuðu aðalskipulagi hvort að lítt eða óröskuðu votlendi á framangreindum svæðum verði hlíft.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að Árborg hafi ekki markað sér skýra stefnu í votlendismálum, að undanskildu því að í deiliskipulagi innan búgarðabyggða skuli leitast við að spilla sem minnst votlendi innan þeirra. Stofnunin telur brýnt að sett verði sú stefna í aðalskipulaginu að í sveitarfélaginu öllu verði reynt að hlífa lítt eða óröskuðu votlendi eins og kostur og vísar í því sambandi í lög nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. 37. gr. um að votlendi, 3 ha að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun bendir á að á slíkum svæðum er ræktun og dreifing innfluttra plöntutegunda bönnuð, sbr. reglugerð nr. 583/2000.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að stefnt sé að endurheimt votlendis í fuglafriðlandi í Flóa í stað þess sem ræst hefur verið fram undir búgarðabyggð (Tjarnabyggð). Umhverfisstofnunin telur brýnt að nákvæm og tímasett stefna/áætlun um endurheimt votlendis verði útbúin sem fyrst. Þar komi fram staðsetning svæða sem endurheimta á og hvenær stífla eigi skurði. Stofnunin bendir á leiðbeiningar um mat á röskun/endurheimt votlendis vegna framkvæmda, [http://www.ust.is/media/fraedsluefni/Leidbeiningar\\_um\\_roskun\\_-\\_endurheimt\\_votlendis.pdf](http://www.ust.is/media/fraedsluefni/Leidbeiningar_um_roskun_-_endurheimt_votlendis.pdf).

### **Frístundabyggðir við vötn**

Samkvæmt endurskoðuðu aðalskipulagi eru frístundabyggðir fyrirhugaðar við vötn austan Stokkseyrar. Á uppdrætti sést að hluti þeirra, þar sem nú eru frístundahús, nær alveg niður að vatni. Því minnir Umhverfisstofnun á ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 (m.s.br. nr. 420/2002), sbr. kafla 4.15, um almennarétt og á lög um náttúruvernd nr. 44/1999, sbr. 23. gr. þar sem eftirfarandi kemur fram: „*Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna* “. Einnig telur stofnunin mikilvægt að í deiliskipulagi frístundasvæðanna skuli leitast við að spilla sem minnst votlendi innan þeirra og bann verði lagt við gróðursetningu hávaxinna erlendra tegunda svo að útsýni að sjó skerðist ekki.

Umhverfisstofnun bendir á kröfur í 13 gr. reglugerðar um fráveitu og skólp nr. 798/1999 um viðurkenndar rotþrær við frístundahús og leiðbeiningarrit um rotþrær og siturlagnir, [http://www.ust.is/media/skyrslur2004/UST\\_Rottrar\\_A5.pdf](http://www.ust.is/media/skyrslur2004/UST_Rottrar_A5.pdf).

### **Uppgræðsla á eyrum og landfylling við Ölfusá**

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er gert ráð fyrir áframhaldandi uppgræðslu á leir- og sandeyrum við Ölfusá vestan Fosslands á Selfossi og gerð landfyllingar í vík í ánni þar skammt frá. Umhverfisstofnun bendir á að leirur njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og er ræktun og dreifing innfluttra plöntutegunda bönnuð á slíkum svæðum, sbr. reglugerð nr. 583/2000. Stofnunin hvetur einnig til þess að mörkuð verði sú stefna í aðalskipulaginu að nota ekki slíkar tegundir í uppgræðslu á landfyllingunni.

### **Flugvöllur og akstursípróttasvæði**

Í endurskoðuðu aðalskipulagi Árborgar er ákveðið að festa flugvöllinn í sessi. Í umhverfisskýrslu er svo metið að neikvæð áhrif gætu orðið af þessari breytingu vegna meiri möguleika á hávaða á nærliggjandi svæðum frá flugvélum og auknum umsvifum við völlinn, s.s. vegna akstursípróttta. Hljóðstigsreikningar sýna þó að jafngildishljóðstig við húsvegg íbúðasvæðis í grenndinni verði innan marka vegna hávaða frá flugumferð í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða fyrir flugumferð (sjá í töflu II í viðauka 1) eða innan við 55 dB(A). Hljóðstig verður þó yfir 55 dB(A) mörkunum á athafnasvæði fyrir flugskýli norðan flugvallarins. Umhverfisstofnunin bendir á að um sé að ræða reiknað hljóðstig og að við ákveðnar aðstæður, s.s. í ríkjandi austanátt, sé líklegt að hljóðstig innan íbúðasvæða fari yfir framangreind viðmiðunarmörk. Því bendir stofnunin á að skoða ætti þann kost að útbúa hljóðmön á milli flugvallarsvæðis og íbúðarsvæðis austan við. Einnig tekur stofnunin undir mikilvægi þess að gripið verði til fleiri mótvægisáðgerða vegna hávaða s.s. eins og nefndar eru á bls. 74 í umhverfisskýrslunni.

### **Vatnsvernd**

Í endurskoðuðu aðalskipulagi kemur ekki fram hvort að kortlögð hafi verið viðkvæm svæði

og menguð svæði í sveitarfélaginu í þeim tilgangi að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns sbr. umsögn Umhverfisstofnunar 4. ágúst 2005 við drög að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025. Stofnunin minnir hér á að kortleggja skuli slík svæði, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.


### Fráveita


Í endurskoðuðu aðalskipulagi kemur ekki fram hvort að mat á hæfni Ölfusár sem viðtaka til að taka við og eyða skólpi hafi farið fram. Í fyrrgreindri umsögn Umhverfisstofnunar kom fram að Ölfusá teljist ekki vera síður viðkvæmt vatnasvæði. Til slíkra svæða telst eingöngu sjór og hafsvæði sbr. II. viðauka B í með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Eins og í umsögn sinni árið 2005 hvetur stofnunin til þess að mat á Ölfusá sem viðtaka fari fram sem fyrst með sýnatöku og mælingum á saurmengun og að tekið verði mið af umhverfismörkum í fylgiskjali 2 (umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása) sömu reglugerðar.

Í greinargerð kemur fram að ekki sé endanlega búið að taka ákvörðun um umfang hreinsunar fráveituvatns á Selfossi, hvorki um hreinsunaraðferð og hvenær hreinsun hefst, né hafi verið tekin ákvörðun um sameiningu útrása norðan Ölfusár. Hvað Eyrarbakka og Stokkseyri varðar kemur fram að gert sé ráð fyrir að fráveita verði tvöföld með grófhreinsun áður en fráveituvatni verði dælt í sjó fram. Umhverfisstofnun hvetur til þess að ákvörðun um framangreind fráveitumál og hvenær hreinsun hefst verði tekin sem fyrst.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við endurskoðuðu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030.

Virðingarfyllt

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Jóhanna Björk Weissappel  
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun

